



Reykjavík, 14. júlí 2026
USK25110152 (SS)

Ártúnshöfði svæði 2C – Nýtt deiliskipulag

Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Nordic Office of Architecture ehf., dags. 11.nóvember 2025 um nýtt deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða svæði 2C, Þórðarhöfða. Í tillögunni sem lögð er til felst skilgreining nýrrar skólalóðar fyrir u.þ.b. 300 grunnskólabörn (1.-4. bekk) og 180 leikskólabörn. Auk skólalóðar er nýr íbúðarreitur með allt að 185 nýjum íbúðum. Fjölbreytt dvalarsvæði eru í inngarði, bílakjallari er undir reitnum og möguleiki er á starfsemi á götuhæð út að Stórhöfða, samkvæmt uppdrætti Nordic Office of Architecture, dags. 14. apríl 2026, ásamt greinargerð og skilmálum. Einnig er lögð fram hljóðvistarskýrsla COWI dags. 10. apríl 2026.

Tillagan var auglýst frá 21. maí 2026 til og með 2. júlí 2026. Athugasemd barst frá T.ark auk ábendingar frá Veitum.

Athugasemdir og svör

Athugasemd Hlínar Finnsdóttur f.h. T.ark

T.ark vinnur nú deiliskipulag fyrir Svæði 6, vestan við Svæði 2C, og gerir athugasemd við mörk nýs deiliskipulags fyrir svæði 2C til vesturs. Í tillögunni nær skipulagsáætlunin fyrir svæði 2C yfir alla götuna (Þórðarhöfða) en lagt er til að skipulagsáætlanirnar tvær mætist þar frekar í miðri götu.

Svar skipulagsfulltrúa: Skipulagsfulltrúi tekur undir athugasemd T.ark og í kjölfar auglýsingar hafa uppdrættir verið lagfærðir þannig að mörk hins nýja deiliskipulags til vesturs liggja nú um Þórðarhöfðann miðjan. Lagfærð gögn Nordic Office of Architecture hafa fengið breytingardagsetninguna **8. júlí 2026**. Að öðru leyti er tillagan óbreytt eftir auglýsingu.

Ábending Veitna

Veitur benda á að lagnir þeirra liggi um svæðið. Styrkja þurfi dreifikerfi og flutning inn á svæðið til að tryggja afhendingu. Veitur óska eftir góðu samstarfi og að haft verði samband tímanlega á undirbúningsstigi.

Svar skipulagsfulltrúa: Skipulagsfulltrúi hefur átt samskipti við Veitur í tillöguferlinu. Reykjavíkurborg mun áfram vera í góðu samstarfi við Veitur í gegnum hönnunar- og framkvæmdastig.

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykkt eins og hún er sett fram á uppdráttum Nordic Office of Architecture dags 13. apríl 2026 **og síðast breytt þann 8. júlí 2026**.

Tillagan er óbreytt frá auglýsingu að undanskilinni breytingu á skipulagsmörkum til vesturs, að Þórðarhöfða, sbr. framangreint.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / teymisstjóri